



Reglur um *Meningarsjóð Suðurnesjabæjar* og úthlutun styrkja úr sjóðnum til menningarstarfsemi í Suðurnesjabæ

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs Suðurnesjabæjar er að styrkja menningarstarfsemi í Suðurnesjabæ með fjárframlögum og efla þannig einstaklinga og félagsamtök til virkrar þátttöku.

2. gr.

Tilagnur sjóðsins er að styðja við menningarstarfsemi í Suðurnesjabæ sem og styrkja einstaklinga, félagsamtök, hópa og stofnanir til lista- og menningarsköpunar í sveitarfélaginu. Til að hljóta styrk úr sjóðnum verða umsækjendur, s.s. listamenn, félagsamtök, hópar, stofnanir eða menningarviðburðir að tengjast Suðurnesjabæ á einhvern hátt. Þá þurfa þeir sem eru í forsvari fyrir umsókna að vera með fasta búsetu í Suðurnesjabæ og viðburðir, ef svo ber við, sem sótt er um fyrir að fara fram í Suðurnesjabæ.

3. gr.

Fjárframlag sjóðsins er skv. fjárhagsáætlun hverju sinni, auk þess sem sjóðurinn tekur við frjálsum framlögum sem ætluð eru til menningarmála í Suðurnesjabæ. Berist Suðurnesjabæ peningagjafir sem ætlaðar eru til menningarstarfsemi bætist þær við Menningarsjóð.

4. gr.

Styrkumsóknir skulu auglýstar í byrjun árs og skulu svör liggja fyrir ekki seinna en þremur mánuðum eftir að auglýstur umsóknartími er liðinn. Við meðferð og úrvinnslu á umsóknum og erindum skal viðhafa góða stjórnsluhætti að leiðarljósi ásamt gagnsæi og vönduðum vinnubrögðum. Ef um umsóknarfrest er að ræða skal meginreglan vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

5. gr.

Ferða-, safna- og menningarráð afgreiðir umsóknir um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar. Umsóknum skal skilað til á netfangið afgreidsla@sudurnesjabaer.is, nema annað komi fram í auglýsingu hverju sinni. Styrkjum skal úthlutað, að jafnaði, einu sinni á ári. Ferða-, safna- og menningarráð metur hvaða verkefni eru styrkhæf. Heimilt er að hafna umsóknum.

6. gr.

Ferða-, safna- og menningarráð getur haft frumkvæði að styrkveitingu eða viðurkenningum til félaga, fyrirtækja eða einstaklinga ef það er álit ráðsins að viðkomandi hafi stuðlað með einum eða öðrum hætti að framgangi menningar í Suðurnesjabæ.

7. gr.

Gerðir ráðsins þarf ekki að leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar enda rúmist ákvarðanir hennar innan heimilda fjárhagsáætlunar.

8. gr.

Í umsóknum um styrki er nauðsynlegt að markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra séu skýr sem og að listrænt eða fræðilegt gildi verkefnisins sé ljóst. Styrkurinn þarf að vera til þess fallinn að hann sé líklegur til að efla menningarstarfsemi Suðurnesjabæjar.

Umsóknum skal skilað á þann hátt sem auglýst er eftir ár hvert. Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

- Markmið, lýsing og tilefni umsóknar
- Styrkupp hæð sem óskað er eftir
- Tíma- og verkáætlun
- Kostnaðaráætlun
- Önnur fjármögnun

Heimilt er að vísa frá umsókn ef fullnægjandi gögn/upplýsingar koma ekki fram. Félög og/eða hópar sendi inn ársreikning síðastliðins árs.

9. gr.

Þeir aðilar sem hljóta styrki frá Suðurnesjabæ skulu eftir því sem kostur er, láta þess getið í kynningarefni sínu.

10. gr.

Suðurnesjabær áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

11. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Um hæfi starfsmanna gilda einnig ákvæði II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt í bæjarráði Suðurnesjabæjar 11. ágúst 2021